

4. gr.

136

30. des.

Umsjónarmaður áfengiskaupa hefir aðsetur í Reykjavík. Hann varðveitir á tryggum stað áfengisbyrgðir þær, sem hann hefir annast um kaup á, þar til þeirra er vitjað. Hann hefir að launum 600 kr. á ári, er greiðast úr landssjóði. Svo fær hann og borgun eftir reikningi fyrir húsrúm undir áfengisbyrgðir, vinnulaun handa verkamönnum til aðstoðar og burðargjald bréfa. Ennfremur fær hann endurgjald fyrir efni þau, er með þarf til þess að gera áfengi óhæft til drykkjar.

Í stjórnarráðinu, 30. des. 1911.

Kristján Jónsson.

Indriði Einarsson.

Skýrsla

137

30. des.

um lán veitt úr landssjóði til byggingar íbúðarhúsa á prestssetrum árið 1911
samkvæmt lögum nr. 30, 16. nóvbr. 1907.

| | Lánið veitt. | Upphæð |
|---|--------------|-------------|
| 1. Miðgarður í Grímsey | 27. febrúar | Kr. 3000 00 |
| 2. Auðkúla | 21. marz | — 3000 00 |
| 3. Möðruvellir í Hörgárdal | 19. apríl | — 3000 00 |
| 4. Ofanleyti í Vestmannaeyjum | 18. septbr. | — 1300 00 |
| 5. Brjánslækur | 27. septbr. | — 3000 00 |
| 6. Hruni | 2. oktbr. | — 1550 00 |
| 7. Eydalir | 9. oktbr. | — 2880 00 |
| 8. Setberg | 21. nóvbr. | — 1000 00 |
| 9. Ólafsvík | 4. desbr. | — 3000 00 |

Stjórnarráðið, 30. des. 1911.